

Samstarf heimila og skóla -Viðhorf foreldra

Brynhildur Hrund Jónsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed.-gráðu
í grunnskólakennarafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2009

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Samstarf heimila og skóla -Viðhorf foreldra

Brynhildur Hrund Jónsdóttir

141275-4379

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Kennaradeild, grunnskólakennarafræði

Apríl 2009

Útdráttur

Viðfangsefni þessarar rannsóknar var að skoða hvernig samstarfi væri háttað milli heimila og ónefnds grunnskóla í Reykjavík. Skoðað var viðhorf foreldra til þessa samstarfs. Spurt var um viðhorf foreldra til skólans, umsjónarkennara og heimanáms. Reynt var að draga upp sem skýrasta mynd af því hvernig samstarfið er og hvernig foreldrar myndu vilja hafa það.

Í skólanum eru um 170 nemendur og var spurningakönnun send til foreldra allra nemenda og óskað eftir því að það foreldri svaraði sem ætti í meiri samskiptum við skólann. Svarhlutfall var 62 % og svöruðu foreldrar 112 nemenda.

Spurt var um það hvernig samskipti umsjónarkennara við heimili væru og hvernig foreldrar myndu vilja sjá þessi samskipti. Foreldrar eru misánægðir með samskiptin á milli heimila og skóla. Foreldrar á miðstigi eru mjög ánægðir með samskiptin á meðan foreldrar á yngsta stigi eru ekki eins ánægðir. Það má til gamans geta þess að mikið er um samkenndu á miðstigi og vakna því spurningar um það hvort að hún geri gæfumuninn.

Það kom í ljós að lögð er mismikil áhersla á heimavinnu eftir stigum og fannst foreldrum barna á yngsta stigi eða á miðstigi heimavinna vera full mikil, því nemendur á þessum stigum verja meiri tíma í heimavinnu heldur en börn á unglingsstigi.

Formáli

Við efnisval í ritgerðina skoðaði ég áhugasvið mitt og valdi því að skrifa um samstarf heimila og skóla. Ég vildi skoða viðhorf foreldra og sjá hvernig þeir sjá samstarfið fyrir sér. Fyrir mig er samstarf á milli heimila og skóla mjög mikilvægt og ég trúir því að með góðu samstarfi náist betri námsárangur hjá börnum.

Ég vil þakka Jónönnu Karlsdóttur fyrir leiðbeiningar og aðstoð við gerð ritgerðarinnar og svo vil ég þakka skólastjórnendum fyrir að leyfa mér að leggja þessa könnun fyrir foreldra skólans. Einnig vil ég þakka Jóhanni G. Frímann fyrir yfirlestur á ritgerðinni og Sigrúnu Önnu Ólafsdóttur, Báru Birgisdóttur og Ásdísi Hallgrímsdóttur fyrir yfirlestur og forprófun í sambandi við gerð spurningalistans og að lokum vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir ómælda þolinmæði við gerð þessarar ritgerðar.

Reykjavík, 28. apríl 2009

Brynhildur Hrund Jónsdóttir

Efnisyfirlit

Útdráttur	2
Formáli	3
Efnisyfirlit	4
Listi yfir myndir.....	6
INNGANGUR.....	8
I. HLUTI – SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA	10
1. Tengsl heimila og skóla	10
2. Hlutverk og ábyrgð foreldra	11
3. Hlutverk og ábyrgð grunnskólans í samvinnu við heimilin.....	14
4. Hlutverk skólaráðs.....	15
II. HLUTI – RANNSÓKNIN	16
1. Aðstæður	16
2. Framkvæmd rannsóknar	16
3. Gerð spurningalistans.....	17
III. Hluti – NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNAR.....	19
1. Kynning á niðurstöðum	19
1.1. Samskipti foreldra við skólann	19
1.2. Samstarf á milli heimila og skóla	23
1.3. Samskipti við umsjónarkennara	25
1.4. Heimavinna, námsgeta og hegðun.....	39
2. Umræður um niðurstöður.....	44
2.1. Heimsókn foreldra í skólann	44
2.2. Samskipti umsjónakennara við heimilin.....	45
2.3. Heimanám	49
3. Tillögur og lokaorð	51
3.1. Samkennsla	51
3.2. Samskiptaleiðir	51

3.3 Heimanám.....	52
3.3. Foreldraviðtöl.....	53
3.4. Það sem betur hefði mátt fara.....	53
Lokaorð.....	54
Heimildir:.....	55
Fylgiskjal 1.....	57

Listi yfir myndir

Mynd 1 – Ertu karl eða kona?.....	20
Mynd 2 – Hefur þú einhvern tíman verið bekkjafulltrúi eða í stjórn foreldrafélags í skólanum?.....	21
Mynd 3 – Sækir þú samkomur eða viðburði í skólanum?.....	21
Mynd 4 – Ferð þú á fyrirlestra og kynningar sem eru á vegum skólans eða foreldrafélagsins?.....	22
Mynd 5 – Hvert er þitt mat á samstarfi á milli heimilisins og skólans?	23
Mynd 6 – Hefur þér verið boðið í heimsókn í kennslustund til þess að fylgjast með?.....	24
Mynd 7 – Hvernig líkaði þér heimsóknin?.....	25
Mynd 8 – Viðtalstími.....	26
Mynd 9 – Tölvupóstur.....	27
Mynd 10 – Í síma fyrir utan viðtalstíma.....	28
Mynd 11 – Samtal í skóla eftir kennslu.....	29
Mynd 12 – Umsjónarkennari hefur samband heim ef eitthvað er að námi hjá barninu þínu.....	30
Mynd 13 – Umsjónarkennir hefur samband ef hegðun barnsins í skólanum er ábótavant.....	31
Mynd 14 – Umsjónarkennari hefur samband og lætur vita ef barninu gengur vel í námi.....	32
Mynd 15 – Af hvaða ástæðum myndir þú vilja heyra frá umsjónarkennara barnsins þíns?.....	33
Mynd 16 – Finnst þér að umsjónarkennari eigi að hafa meira frumkvæði að samskiptum við foreldra en raun ber vitni?.....	34
Mynd 17 – Hversu oft á þessu skólaári hefur umsjónarkennari haft samband við þig fyrir utan foreldraviðtöl?.....	35
Mynd 18 – Átt þú frumkvæði að samskiptum við umsjónarkennara?.....	36
Mynd 19 – Átt þú auðvelt með að hafa frumkvæði að því að ræða við umsjónarkennara um barnið þitt?.....	37
Mynd 20 – Hvernig finnst þér samstarfi við umsjónarkennara vera?.....	38
Mynd 21 – Hvað ver barnið þitt að meðaltali mörgum klukkutímum á viku í heimanám?.....	39

Mynd 22 – Aðstoðar þú barnið þitt við heimanám?.....	40
Mynd 23 – Hvernig telur þú álagið vera á barn þitt vegna heimanáms?.....	41
Mynd 24 – Hvað vilt þú að barnið þitt verji mörgum klukkutímum á viku að meðaltali í heimanám?.....	42
Mynd 25 – Hvert er þitt mat á námsgetu barnsins þíns?.....	43
Mynd 26 – Hvernig metur þú hegðun barnsins þíns í skólanum?.....	44

INNGANGUR

Á síðustu áratugum hefur verið mikið rætt um samstarf heimila og skóla og mikilvægi þess en mikil breyting hefur orðið á þessu samstarfi undanfarin ár og er samstarf á milli heimila og skóla nú bundið í lög.

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða samstarf heimila og ákveðins skóla á höfuðborgarsvæðinu út frá viðhorfi foreldra. Könnun var send til foreldra og snérist hún um samstarf á milli heimila og skóla.

Spurt var um viðhorf foreldra til skólans, umsjónarkennara og heimanáms. Einnig var spurt um hvort að foreldrar teldu mikið álag á barninu þeirra vegna heimanáms. Reynt var að draga upp sem skýrasta mynd af því hvernig samstarfið er og hvernig foreldrar myndu vilja hafa það.

Fyrst hluti verkefnisins fjallar um samstarf heimila og skóla og þar er skilgreint hlutverk umsjónarkennara og aðeins komið inn á hlutverk skólastjórnenda. Einnig er fjallað um hlutverk og ábyrgð foreldra. Foreldrar verða að vita hver ábyrgð þeirra er og að samstarf á milli heimila og skóla skipti máli. Því næst er fjallað um hvert hlutverk og ábyrgð grunnskólans sé í sambandi við samstarfi við heimilin.

Annar hlutinn fjallar um rannsóknina sem gerð var og þar er gerð grein fyrir aðstæðum skólans og hvernig rannsóknin var framkvæmd.

Þriðji hlutinn fjallar um niðurstöður rannsóknarinnar og kemur þar fram ýmislegt áhugavert, t.d. í sambandi við heimavinnu og hvaða leiðir kennarar nota til þess að hafa samband við foreldra og hvaða leiðir foreldrar eru ánægðastir með.

Foreldrar komu með góðar tillögur um það hvernig þeir sjá fyrir sér gott foreldrasamstarf en það byggist á góðri samvinnu á milli heimila og skóla. Ekki má heldur gleyma því að foreldrar þurfa að bera virðingu fyrir skólanum og starfsfólki

hans og skólinn og starfsfólk hans þarf að bera virðingu fyrir foreldrum svo að gott samstarf geti orðið. Fyrst og fremst snýst þetta um að gera það besta fyrir barnið.

I. HLUTI – SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

Þessi hluti fjallar almennt um samstarf heimila og skóla, hver tengslin eru á milli skóla og heimila og hversu mikilvægt samstarfið er og hvernig samstarfið á að vera samkvæmt lögum. Einnig er komið inn á hlutverk og ábyrgð foreldra á námi barna sinna ásamt hlutverki og ábyrgð skólans á námi nemandans.

1. Tengsl heimila og skóla

Þegar við tölum um tengsl heimila og skóla þá sjá margir það fyrir sér að barnið sé tengiliðurinn þarna á milli. Þó svo að barnið sé það sem bæði foreldrar og skólinn bera ábyrgð á, þá er það ekki sá aðili sem ber ábyrgð á því að góð tengsl séu á milli heimilis og skóla. Að viðhalda góðum tengslum er samstarf foreldra og starfsmanna skóla.

Foreldrar verða að gæta þess að tala ávalt vel um skólann og kennara hans og vera í góðu samband við kennara eða skólastjórnendur ef einhver vandamál koma upp. Samstarf heimila og skóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun (Áslaug Brynjólfsdóttir, 2001:13).

Umsjónakennari er sá sem gegnir lykilhlutverki í samstarfi heimila og skóla. Hann á að fylgjast með námi og þroska nemenda sinna og þeim breytingum á högum og atferli nemenda sem skipt geta máli hvað varðar frammistöðu og líðan þeirra í skólanum. Hann leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar þá og ráðleggur þeim um persónuleg mál.

En þó svo að kennarar skipti höfuðmáli í menntun nemanda þá geta þeir ekki gert það án aðstoðar og þess vegna verða foreldrar að taka þátt í menntunarferlinu (Hamby, 1992:61). Kennarinn verður því að vera í góðu samstarfi við heimilin svo að samstarfið gangi upp. Ef samstarfsviljinn hjá kennara er slæmur þá ganga hlutirnir einfaldlega ekki upp (McCaleb, 1997:6).

Það má þó ekki gleyma því að skólastjórnendur gegna einnig mikilvægu hlutverki. Þeim ber að skapa andrúmsloft innan skóla sem einkennist af viðurkenningu á þátttöku foreldra (McCaleb 1997:5)

Foreldraviðtöl eru oft sú samskiptaleið sem umsjónarkennarar nota til þess að koma upplýsingum til foreldra nemanda sinna. Umsjónakennarar kvarta samt oft undan því að þeir foreldrar sem þeir þurfa virkilega að tala við mæti ekki í foreldraviðtölin og getur það skapað slæmt samstarf á milli foreldra og skóla (Fuller og Olsen, 2008:114).

2. Hlutverk og ábyrgð foreldra

Ábyrgð foreldra á námi barna sinna er mikil, Í Lögum um grunnskóla segir:

„Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra.“
(Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 9. gr.).

Í lögnum er einnig kveðið á um það að foreldrar skuli gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri. Jafnframt segir:

„Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum. Þeir skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt“ (Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 18. gr.).

Það gefur því auga leið að foreldrum ber skylda til þess að fylgja eftir námi barna sinna og verður skólinn að vinna með foreldrum til þess að þeir geti fylgt börnum sínum eftir. Samkvæmt Berger hafa kannanir sýnt að skólar

geti bætt námsárangur nemenda með því að fá foreldra til þess að styðja við nám barna sinna (Berger, 1995:6).

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir:

„Foreldrar og forráðamenn bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna. Á þeim hvílir sú skylda að börnin sæki skóla og að þau séu eins móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn annast og framast er unnt“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007, almennur hluti).

Foreldrar verða að gera sér grein fyrir því að þeir eiga að sjá um uppeldi barna sinna og að sjá til þess að þau sæki skóla. Skólinn verður að gæta þess vel að samstarfið á milli þeirra og heimilanna sé gott og hann verður að hlúa vel að því samstarfi.

Bæði Berger og Hamby eru sammála um það að foreldrar eigi að bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og það séu í raun og veru þeir sem eru kennarar þeirra frá fæðingu. Hamby segir að fjölskyldan sé sameinuð eining kennslu og lærdóms þar sem foreldrar eru fyrstu kennarar barna sinna (Hamby, 1992:57). Berger tekur undir það og segir að foreldrar séu einu aðilarnir sem koma að menntun barna sinna samfleytt frá fæðingu til fullorðinsára (Berger, 1995:129).

Í gamla bændasamfélaginu var heimafræðslan sú menntun sem flest börn fengu og var það þá oft einhver á heimilinu sem kenndi börnum að lesa. Svo komu farskólarnir og farkennarar sáu um fræðsluna eða fylgdust með því að heimafræðslan væri fullnægjandi (Loftur Guttormsson, 1992:207). Fastir skólar voru líka starfræktir í þéttbýli og með breyttum lífsháttum færðist fræðslan yfir í þá. Með breyttum þjóðfélagsháttum varð fólki ljóst að foreldrasamstarf væri mikilvægt (Loftur Guttormsson, 1992: 220-221).

Þó svo að það séu núna skýrari reglur um það hvernig gott samstarf á að vera á milli heimila og skóla, þá eru slíkar reglur ekki með öllu nýjar af nálinni. Í fræðslulögum frá árinu 1907 segir:

„Að heimilin og skólarnir vinni saman að hinu sameiginlega takmarki, menntun æskulýðsins, eru lífsskilyrði góðs árangurs. Að öðrum kosti er hætt við, að önnur höndin rífi það sem hin byggir upp“ (Nanna Cristensen, 2005:44).

Þó svo að heimilin og skólinn hafi átt að vinna að því sameiginlega takmarki að mennta einstaklinginn, þá var hefðin samt sú að heimilin önnuðust uppeldi og umönnun en skólinn átti að taka ábyrgð á menntun og fræðslu. Núna eru breyttir tímar og vinna oft báðir foreldrarnir úti. Börn dvelja lengri tíma í skólanum en áður og því hafa skólar þurft að taka meiri þátt í uppeldi nemenda og því er erfiðara að skilja í sundur nám nemanda og uppeldi.

Það hafa því verið settar fram ýmsar reglur eins og t.d. í grunnskólalögunum árið 1995, þar sem segir m.a.:

„Starfsmönnum skóla er skylt að efla samstarf skóla og heimila, m.a. með því að miðla fræðslu um skólamál til foreldra og veita upplýsingar um starfið í skólanum“ (Lög um grunnskóla nr. 66/1995, 15. gr.).

Einnig var settur inn sérstakur kafli um tengsl heimilis og skóla í Aðalnámskrá grunnskóla árið 1999. Þar er meðal annars kveðið á um það að þrír hópar myndi skólasamfélagið í hverjum skóla, þ.e. nemendur foreldrar og kennarar. Þá er rætt um það að mikilvægt sé að þessir hópar vinni vel saman að mótun skólasamfélagsins.

Þar er líka bent á það að til þess að vel gangi þurfi að ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið. Til þess að þetta geti gengið upp þá þurfi samstarf heimila og skóla að vera á þremur sviðum, þ.e. samstarf um skólann sem stofnun, samstarf um einstaka hópa eða bekkir og svo loks samstarf um hvert einstakt barn og skal megináherslan vera á síðasta þáttinn.

Langtímarannsóknir hafa leitt það í ljós að þátttaka foreldra í námi barna þeirra hefur meiri og jákvæðari áhrif heldur en nokkur annar þáttur á gæði og árangur náms (Áslaug Brynjólfsdóttir, 1998:131).

Þeir foreldrar sem telja sig geta haft áhrif eru líklegri til þess að taka þátt í námi barna sinna. Þeir skapa tilfinningalegan og samfélagslegan stuðning við barnið innan skólaumhverfisins og öðlast samtímis mikilvæga færni sem þeir geta fært inn á heimilið. Þá skiptir það miklu máli hvaða aðferðum kennari beitir til þess að virkja foreldrana til samstarfs (Epstein 1995).

3. Hlutverk og ábyrgð grunnskólans í samvinnu við heimilin

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir:

„Í grunnskólanum skal unnið að því í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi. Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum og forráðamönnum. Hlutur grunnskólans felst einkum í því að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og taka þátt í félagslegri mótun þeirra (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007, almennur hluti).

Það er því augljóst að samstarf á milli heimila og skóla verður að vera gott og mikið og traust og góð samvinna verður að ríkja.

Skólinn verður að gæta þess vel að upplýsa foreldra um það sem er að gerast í skólanum á hverjum tíma svo foreldrar geti borið þá ábyrgð sem til er ætlast. Skólinn á að gæta þess að öllum nemendum líði vel í skólanum, hvort sem það er í frímínútum eða inni í kennslustofu. Ef einhver vandamál koma upp á skólinn að hafa samband við heimilin og reyna að leysa málin í samvinnu við þau og nemandann.

Með skipulögðu samstarfi heimila og skóla eykst þekking og skilningur foreldra á skólastarfi. Foreldrahlutverkið skerpist og það styrkir foreldra til frekari umfjöllunar um skólastarfið og þátttöku í því. Í kjölfarið verður svo viðhorfið til skólans jákvæðara (Atkin og Bastiani, 1998).

Epstein (1995) bendir á að margar rannsóknir sýni að börn læri, vaxi og dafni einkum fyrir tilstuðlan fjölskyldu, skóla og samfélags. Því sé afar mikilvægt að þróa samstöðu

og samvinnu á milli þessara aðila. Það getur m.a. styrkt skólasamfélagið og skólakerfið, veitt fjölskyldum stuðning og þjónustu, aukið færni foreldra og aðstoðað kennara í starfi. Megintilgangur þess að skapa slíka samstöðu sé þó sá að hjálpa börnum að ná góðum árangri og bættri líðan í skóla og síðar í lífinu.

Skólareglur verða að vera skýrar því að þær varða allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans, nemendur og foreldra/forráðamenn. Með setningu skólareglna verður skólinn að taka tillit til sjónarmiða foreldra og hann verður einnig að gæta þess að foreldrar viti hvaða reglur eru í gildi og hver viðurlögin eru við brotum á þeim. Mikilvægt er því að foreldum sé sagt strax frá því ef barn þeirra brýtur af sér til þess að þeir geti gripið inn í sem allra fyrst.

4. Hlutverk skólaráðs

Samkvæmt nýjum grunnskólalögum skal nú starfa skólaráð við hvern grunnskóla landsins sem á að vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins. Þar segir:

„Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra“ (Grunnskólalög nr. 91/2008).

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkum fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélagsins. Skólaráð á að gæta að velferð skólans en hann skiptir sér ekki af einstaka nemendum, foreldrum eða starfsfólki skólans.

II. HLUTI – RANNSÓKNIN

Þessi hluti fjallar um rannsóknina sem ég gerði um samstarf heimila og skóla og viðhorf foreldra til skólans, umsjónarkennara og heimanáms. Hér er gerð grein fyrir aðstæðum skólans og sagt er frá framkvæmd rannsóknarinnar, gerð spurningarlistanna og hvernig úrvinnsla var háttað.

1. Aðstæður

Rannsókn þessi er gerð við lítinn skóla á höfuðborgarsvæðinu. Nemendur við skólann er um 170 og kennarar skólans eru um 30.

Þar sem skólinn er frekar lítill hefur verið eitthvað um samkennslu og þá sérstaklega á miðstigi. Samkvæmt skólastjóra skólans þá hefur það gengið mjög vel og næsta vetur stefnir hann að því að taka upp samkennslu einnig á yngstastigi og unglíngastigi. Bekkirnir eru misstórir og er það ein af ástæðunum fyrir því að skólinn stefnir á það að taka upp meiri samkennslu. Það er einn bekkur í hverjum árgangi.

Húsakostur skólans er ágætur. Yngstastigið og unglíngastigið eru í sama hluta í byggingunni og svo er miðstigið í nýrri viðbyggingu. Við skólann er íþróttahús og sundlaug.

2. Framkvæmd rannsóknar

Markmið rannsóknarinnar var að skoða samstarf á milli heimila og skóla og viðhorf foreldra til þess. Ég lagði spurningarlista fyrir alla foreldra/forráðamenn sem eiga börn í skólanum og fengu þeir spurningarlista sendan heim með börnum sínum í febrúar 2009. Spurningalistinn var afhentur í ómerktu umslagi og voru

foreldrar/forráðamenn hvattir til þess að skila honum í sama umslagi og loka fyrir svo að nafnleynd héldist.

Ég fékk leyfi skólastjórnenda til þess að senda spurningalistann út og einnig fékk ég leyfi hjá persónuvernd til þess að leggja hann fyrir. Þegar úrvinnsla lauk þá sá ég til þess að öllum svörum væri eytt.

3. Gerð spurningalistans

Spurningalistinn, sem ég lagði fyrir foreldra, snérist um það hvernig foreldrar skynja samstarfið á milli heimila og skólans og jafnframt hvernig þeir vilja hafa samstarfið við skólans (fylgiskjal 1).

Rannsóknin er meginlæg rannsókn og því er áherslan á mælingar í tölum fremur en lýsingar í orðum. Þessi rannsókn er ekki með tilraunasniði (MacMillan, 2004:4) og hafði ég því enga stjórn á þessu samstafi sem ég var að rannsaka. Heldur var aðeins verið að rannsaka núverandi ástand á sambandi milli heimila og skóla.

Rannsóknin er lýsandi rannsókn, en þær rannsóknir gefa upplýsingar um tíðni eða magn af einhverju (MacMillan, 2004: 9).

Fjöldi spurninga í þessum spurningalista voru 30.

Flestar spurningarnar voru lokaðar fyrir utan þrjár sem tengdust heimanámi. Einnig voru tvær opnar spurningar í lokin; í fyrri spurningunni gátu foreldrar lýst því hvernig þeir sjá fyrir sér gott foreldrasamstarf og í þeirri síðari var þeim boðið að koma ábendingum á framfæri.

Fyrstu þrjár spurningarnar voru bakgrunnspurningar um kyn foreldris og í hvaða bekk barnið væri. Næstu fjórar spurningarnar voru um hversu virkir foreldrar væru í samstarfi við skólann. Þar var spurt um það hvort að foreldrar hefðu verið í foreldraráði eða verið bekkjarfulltrúar. Einnig var spurt um það hversu oft foreldrar hefðu mætt á bekkjarkvöld, árshátíðir, foreldrafræðslu og þess háttar. Þá var spurt um

heimanám, þ.e. hversu mörgum tímum barnið þeirra verði í heimanám á viku og hversu marga tíma foreldrið aðstoðaði barnið sitt við heimanám. Að lokum var spurt um það hversu mörgum tímum þeim þætti æskilegt að barnið verði við heimanám á viku. Foreldrar voru einnig beðnir um það að meta námsgetu og hegðun barnsins. Hinar spurningarnar voru um það hvernig foreldrarnir upplifðu samstarfið við umsjónarkennara og skólann.

Ástæðan fyrir því að ég valdi að gera spurningalista er sú að þeir gefa oft góða mynd af því hvernig hlutirnir eru. Þeir eru ekki tengdir við nöfn einstaklinga og þá á fólk oft auðveldara með að vera hreinskilið. Fólk getur einnig svarað könnuninni á þeim tíma sem því hentar og þá sleppt spurningum sem það vill ekki svara.

Það neikvæða við svona spurningarlista er að svörin eru oft yfirborðsleg og geta gefið mjög takmarkaðar upplýsingar og svo er ekki hægt að leiðrétta ef einhver misskilningur kemur upp (Borg, Gall og Gall, 1996:289).

Við gerð spurningalistanna nýtti ég upplýsingar um æskilega uppbyggingu og orðalag úr bókinni Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum. Þar segir meðal annars að orðalag verði að vera skýrt og þess verði að gæta að spyrja aðeins einnar spurningar í einu. Ég gætti þess vel að spyrja ekki já og nei spurninga og voru flestar spurningarnar með fimm valkostum. Einnig gætti ég þess vel að spurningar og svarmöguleikar væru á sama blaði og að uppsetning væri skýr og skilmerkileg. Úrlausnir vann ég svo í Excel-töflureikni.

III. Hluti – NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNAR

Í þessum hluta greini ég frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Svarhlutfall var 62% og er það undir væntingum.


Fyrst fjalla ég um helstu niðurstöður rannsóknarinnar, síðan mun ég skoða ákveðnar niðurstöður betur og að lokum mun ég koma með tillögur um það sem betur má fara.

1. Kynning á niðurstöðum

Hér á eftir mun ég kynna ákveðnar niðurstöður úr spurningarlistanum sem ég lagði fyrir foreldra. Niðurstöðunum skipti ég í fjóra undirkafla og bera þeir eftirtalin heiti: Samskipti foreldra við skólann, Samstarf á milli heimila og skóla, Samskipti við umsjónarkennara og Heimanám, námsgeta og hegðun

1.1. Samskipti foreldra við skólann


Í þessum hluta geta svörin verið mismunandi eftir því hve lengi barn hefur stundað nám í skólanum. Í könnuninni eru foreldrar beðnir um það að svara spurningunum allt frá þeim tíma sem barnið þeirra hóf nám í skólanum.



Mynd 1


Á þessari myndi sést hvernig kynjaskipting svarenda er.

Í bréfi sem fylgdi könnuninni var óskað eftir því að það foreldranna sem væri í meira samstarfi við skólann myndi svara könnuninni. Þetta var fyrsta spurningin á listanum.




Mynd 2

Hér sjáum við hvernig skipting er á milli aldurstiga, en spurt var um það hvort að viðkomandi hefði einhvern tímann verið bekkjarfulltrúi eða í stjórn skólans. Þeir sem eiga fleiri en eitt barn í skólanum geta svarað já, þó svo að það hafi verið fyrir 5 eða 10 árum. Samkvæmt þessum niðurstöðum þá hafa yfir 50% foreldra verið bekkjarfulltrúar eða í stjórn skólans.



Mynd 3

Hér var spurt um það hvort eða hversu oft foreldri sækja samkomur eða viðburði í skólanum. Með þessari spurningu er átt við bekkjarkvöld, árshátíð, sýningar og þess háttar. Meirihluti svarenda á öllum stigum sækja alltaf eða oft skemmtanir eða viðburði í skólanum.




Mynd 4

Hér var spurt hvort foreldrar færu á fyrirlestra eða kynningar á vegum skólans eða foreldrafélagsins.

Um 51% foreldra sem eiga börn á yngstastigi fara alltaf eða oft á fyrirlestra eða kynningar sem eru haldnar á vegum skólans eða foreldrafélagsins en þeim fer fækkandi eftir því sem börnin eru eldri. Á miðstigi fara 42% foreldra og 40% foreldra sem eiga börn á unglingsstigi.

1.2. Samstarf á milli heimila og skóla



Á þessari mynd sést hvernig foreldrar meta samstarfið á milli heimilis og skóla.

Um 67,8% foreldra sem eiga börn á miðstigi finnst samstarfið á milli heimilis og skóla vera mjög gott eða gott. Um 50% foreldra sem eiga börn á yngstastigi finnst foreldrasamstarfið vera mjög gott eða gott. Um 60% foreldra sem eiga börn á unglíngastigi finnst samstarfið á milli heimilis og skóla mjög gott eða gott. Um 15% foreldra sem eiga börn á yngstastigi finnst samstarfið á milli heimilis og skóla vera slakt eða mjög slakt.




Mynd 6

Á þessari mynd sjáum við hve mörgum foreldrum hefur verið boðið í heimsókn í skólann til þess að fylgjast með kennslu.

Eins og sést á línuritinu þá hefur aðeins 17,1% foreldra barna á yngstastigi verið boðið að koma og fylgjast með kennslu og 19,4% foreldra sem eiga börn á miðstigi.

Þegar svör foreldra sem eiga börn á unglingsstigi eru skoðuð þá hefur 24% af þeim verið boðið að heimsækja skólann í kennslustund en ekkert af þeim hefur komið.

Einnig er áhugavert að um 10% foreldra sem eiga börn á yngstastigi, miðstigi eða unglingsstigi hafa komið í heimsókn í kennslustund án þess að vera boðið. Á mynd 7 má sjá hversu ánægðir foreldrar hafa verið með heimsóknina í kennslustund.




Mynd 7

Eins og áður hefur komið fram, þá sýnir þessi mynd okkur það hvernig foreldrum sem höfðu komið í heimsókn líkaði heimsóknin. Hér sést að öllum þeim foreldrum sem komu líkaði heimsóknin mjög vel eða vel.

1.3. Samskipti við umsjónarkennara

Í þessum hluta er eingöngu horft á skólaárið 2008 – 2009.

Á myndum 8 til 11 má sjá með hvaða hætti samskiptin eru á milli umsjónarkennara og foreldra. Grunnspurningin var á þessa leið: Með hvaða leiðum fara samskipti á milli þín og umsjónarkennara fram? Spurningin er nr. 8 á spurningarlistanum og var henni skipt í fjóra hluta.




Mynd 8

Hér sést hvernig skiptingin er þegar spurt var um viðtalstíma kennara, þ.e. hversu oft væru samskipti á milli foreldra og umsjónarkennara í viðtalstíma kennara.

Á myndinni sést að 38,1% foreldra sem eiga börn á yngstastigi eiga oft eða nokkuð oft samskipti við umsjónarkennara í viðtalstímum en 23,4% eiga aldrei samskipti við hann í viðtalstímum.

Ef miðstigið er skoðað sést að 32,1% foreldra eiga oft eða nokkuð oft samskipti við umsjónarkennara í viðtalstímum en 32,4% eiga aldrei samskipti við hann í þessum tímum.

Á unglingsstiginu þá snýst þetta við aftur og eiga 40% foreldra samskipti við umsjónarkennara í viðtalstímum en 28% eiga engin samskipti við umsjónarkennara í viðtalstímum.




Mynd 9

Á þessari mynd sést hvernig samskipti eru á milli umsjónarkennara og foreldra þegar tölvupóstur er notaður.

Hér sést að foreldrar á yngstastigi segjast oft eða nokkuð oft nota tölvupóst sem samskiptamáta við umsjónarkennara eða í 35,2% tilfella.

Ef horft er á miðstigið sést að 54,8% foreldra segja að tölvupóstur sé notaður oft eða mjög oft sem samskiptamáti á milli þeirra og umsjónarkennara.


Á unglingsstigi er tölvupóstur aðeins notaður oft eða nokkuð oft sem samskiptatæki eða í 20% tilfella.



Mynd 10

Hér sést hversu oft foreldrar heyrá frá umsjónarkennara í síma fyrir utan viðtalstíma.

Á yngstastigi og á miðstigi er síminn lítið notaður. Innan við 10% foreldra segjast oft eða nokkuð oft heyrá í umsjónarkennara fyrir utan símatíma en á unglíngastigi stendur það í 0%.




Mynd 11

Á þessari mynd sést hversu margir foreldrar hitta umsjónarkennarann eftir kennslu.

Á öllum stigum eru innan við 10% foreldra sem hitta umsjónarkennara oft eða nokkuð oft eftir kennslu til þess að ræða við hann. Nálægt 30% foreldra sem eiga börn á unglíngastigi eða yngstastigi hitta stundum umsjónarkennara eftir kennslu en um 19% foreldra barna á miðstigi hitta hann stundum eftir kennslu.

Á myndum 12, 13 og 14 sjást svör við spurningum númer 12, 13 og 14 á spurningarlistanum. Foreldrar voru beðnir um að merkja við það hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingunum.




Mynd 12

Hér var spurt hvort umsjónarkennari hefði samband við heimilið ef eitthvað væri að í námi barnsins.

Þegar svarmöguleikarnir mjög sammála eða sammála eru skoðaðir þá sést að 55,3% foreldra sem eiga börn á yngstastigi eru mjög sammála eða sammála því að umsjónarkennari hefði samband við heimilið ef eitthvað væri að í námi barns.

Einnig eru 60% þeirra sem eiga börn á unglingsstigi, mjög sammála eða sammála því að umsjónarkennari hefði samband við heimilið ef eitthvað væri að námi hjá barni. Þegar miðstigið er skoðað þá sést að 80,7% þeirra foreldra sem eiga börn á miðstigi er mjög sammála eða sammála því að umsjónarkennari hefði samband við heimilið ef eitthvað væri athugasemjulegt við nám barns.




Mynd 13

Hér var spurt hvort umsjónarkennari hefði samband við heimilið ef hegðun barns væri ábótavant.

Hér sést að 61,8% foreldri sem eiga börn á yngstastigi segjast vera mjög sammála eða sammála því að umsjónarkennari hefði samband við heimilið ef hegðun barns væri ábótavant en 19,1% þeirra er ekki viss og 19,1% er ósammála eða mjög ósammála.

Þegar miðstigið er skoðað sjáum við að 74,2 foreldra er mjög sammála eða sammála því að umsjónarkennari hefði samband við heimilið ef hegðun barns væri ábótavant en 19,4% þeirra er ekki viss og 6,4% þeirra er ósammála eða mjög ósammála þessari fullyrðingu.

Um 68% foreldra sem eiga börn á unglíngastigi eru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni um það að umsjónarkennari hefði samband þegar nám barns væri ábótavant en 12% sem eru ósammála eða mjög ósammála fullyrðingunni. Þeir sem eru ekki vissir eru 20% og eru það svipaðar tölur og sjást á yngstastigi og miðstigi.




Mynd 14

Hér var spurt hvort umsjónarkennari hefði samband við foreldri og léti vita ef barninu gengi vel í námi.

Miðstig og unglingsstig sýna svipaðar tölur ef horft er á svarmöguleikana mjög sammála og sammála, þ.e. yfir 50% foreldra velja þessa tvo svarmöguleika. En þegar horft er á yngstastigið þá sést að aðeins 25,6% foreldra velja þessa tvo svarmöguleika.

Þegar skoðaðir eru svarmöguleikarnir ósammála og mjög ósammála sést að 46,8% foreldra sem eiga börn á yngstastigi hafa valið þess tvo svarmöguleika og 24% foreldra sem eiga börn á unglingsstigi einnig en aðeins 19,3% foreldra sem eiga börn á miðstigi.



Mynd 15

Hér var spurt af hvað ástæðum foreldri vildi helst heyra frá umsjónarkennara barnsins.


Foreldrar voru beðnir um það að forgangsraða þannig að 6 vegi mest og 1 minnst.

Ef við byrjum á því að skoða topppunktana þá sést að 12,8% þeirra foreldra sem eiga börn á yngstastigi vilja fá að heyra frá umsjónarkennara þegar námið gengur illa og 10,6% vilja fá að heyra frá umsjónarkennara þegar hegðun hefur verið ábótavant.

Ef við skoðum miðstigið þá sést að 19,4% foreldra vill að umsjónarkennari hafi samband ef hegðun hefur verið ábótavant og 16,1% vilja að umsjónarkenni hafi samband þegar námið gengur illa.

Þegar ungingastigið er skoðað þá sést að foreldrar vilja að umsjónarkennari hafi samband ef barnið hefur sýnt góða hegðun eða framför í hegðun og 20% vill að umsjónarkennari hafi samband ef hegðun hefur verið ábótavant.

Finnst þér að umsjónarkennari eigi að hafa meira frumkvæði að samskiptum við foreldra en raun ber vitni?




Mynd 16

Hér var spurt hvort foreldri þætti að umsjónarkennari ætti að hafa meira frumkvæði að samskiptum við foreldra. Hér voru aðeins gefnir tveir valmöguleikar já og nei. Þegar skoðaður er svarmöguleikinn já, þá sést að yfir 50% foreldrar sem eiga börn á unglingsstigi eða yngstastigi finnst að umsjónarkennari eigi að hafa meira samband.

Þegar skoðað er miðstig, þá sést að yfir 50% foreldra finnst umsjónarkennari ekki þurfa að hafa meira samband.

Hversu oft á þessu skólaári hefur umsjónarkennari haft samband við þig fyrir utan foreldraviðtöl?




Mynd 17

Hér var spurt hversu oft umsjónarkennari hefði haft samband á skólaárinu.

Um 12% foreldra sem á barn á yngstasigi eða unglingastigi hefur heyrt frá umsjónarkennara fimm sinnum eða oftar yfir skólaárið en 22,6% foreldra barna á miðstigi hafa heyrt frá umsjónarkennara fimm sinnum eða oftar yfir skólaárið.

Ef skoðaður er valmöguleikinn aldrei, þá sést að 48,9% foreldra barna á yngstastigi hefur aldrei heyrt frá umsjónarkennara fyrir utan föst foreldraviðtöl, 22,6% foreldrar barna á miðstigi hafa aldrei heyrt frá umsjónarkennara fyrir utan foreldraviðtöl og 24% foreldra sem eiga barn á unglingastigi hafa ekki heldur heyrt frá umsjónarkennara fyrir utan foreldraviðtölin.




Mynd 18

Hér var spurt hvort foreldri ætti frumkvæði að samskiptum við umsjónarkennara.

Við lestur úr þessu línuriti sést að svarmöguleikinn stundum er oftast notaður af meirihluta foreldra, hvort sem börn þeirra eru á yngstastigi, miðstigi eða unglíngastigi. Þegar við skoðum valmöguleikana oft eða nokkuð oft þá sést að 38,2% foreldrar barna á yngstastigi hafa oft eða nokkuð oft samband við umsjónarkennara af fyrra bragði. Einnig hafa 29% foreldra barna á miðstigi oft eða nokkuð oft samband við umsjónarkennara að fyrra bragði og 20% foreldra barna á unglíngastigi.


Átt þú auðvelt með að hafa frumkvæði að því að ræða við umsjónarkennarann um barnið þitt?



Mynd 19

Hér var spurt hvort að foreldri ætti auðvelt með að hafa frumkvæði og ræða við umsjónarkennarann um barnið.

Hér sést að yfir 90% allra foreldra á öllum stigum á auðvelt með að ræða við umsjónarkennara um barnið sitt.




Hér var spurt hvernig foreldri þætti samstarfið við umsjónarkennara.

76,6% foreldra sem eiga barn á yngstastigi finnst samstarfið við umsjónarkennara vera mjög gott eða gott og um 87% foreldra sem eiga barn á miðstigi finnst það einnig mjög gott eða gott.

Þegar skoðað unglingastigið er skoðað sést að 84% foreldra sem eiga barn á því stigi finnst samstarfið við umsjónarkennara vera mjög gott eða gott.

Um 10% foreldra sem eiga börn á yngstastigi finnst samstarfið við umsjónarkennara vera slakt eða mjög slakt en innan við 5% foreldra á unglingastigi eru sama sinnis og enginn foreldri á miðstigi merkti við þessa möguleika.

1.4. Heimavinna, námsgeta og hegðun




Mynd 21

Hér sést hve mörgum klukkutímum barn ver að meðaltali í heimanám á viku.

Ef unglíngastigið er skoðað sést að 8% foreldra segir að barnið sitt verji engum klukkutíma í heimanám á viku og 60% foreldra segja að börnin þeirra verji 1 til 3 tímum á viku í heimanám.

Á miðstigi sést að börn verji frá tveimur og upp í tíu tíma í heimanám á viku að meðaltali. Toppurinn á línuritinu er 3 tímar á viku eða um 25% foreldra segir að barn þeirra verji 3 tímum á viku að meðaltali í heimanám.

Algengast er að börn á yngsta stigi verji tveimur tímum í heimanám í viku að meðaltali. Börn á yngstastigi verja allt frá 1 tíma upp í 14 tíma á viku í heimanámi að meðaltali.




Mynd 22

Hér var spurt hvort foreldrar aðstoðuðu barnið við heimanám.

Á yngstastigi aðstoða 91,5% foreldra barn sitt alltaf eða oft með heimanám og 80,6% foreldra sem eiga barn á miðstigi aðstoða barn sitt alltaf eða oft við heimanámið.


Á unglingsstigi sést að 28% foreldra aðstoða barn sitt við heimanám alltaf eða oft.



Mynd 23

Hér sést hvernig foreldrar telja álag vera á barn þeirra vegna heimanáms.

Yfir 50% foreldra sem eiga barn á yngstastigi eða unglíngastigi telja að álagið á barn þeirra vegna heimanáms sé hæfilegt en 45,2% foreldra sem eiga börn á miðstigi telja álag vegna heimanáms vera hæfilegt. Um 28% foreldra barna á yngstastigi telja álag vegna heimanáms vera of mikið eða mikið en um 51% foreldra barna á miðstigi eru sama sinnis. Innan við 10% foreldra sem eiga barn á unglíngastigi finnst álag vegna heimanáms vera mikið og merkti ekkert foreldra barna á unglíngastigi við valmöguleikann of mikið.




Mynd 24

Hér var spurt um það hvað foreldrar vildu að barn þeirra verði mörgum tímum í heimanám á viku.

Á yngstastigi vildu 29,8% foreldra að barn þeirra myndi verja að meðaltali 2 tímum á viku í heimanám. Jafn margir vildu að barn þeirra myndi verja að meðaltali 3 tímum á viku í heimanám.

Á miðstigi vildu 35,5% foreldra að barn þeirra myndi verja 5 tímum að meðaltali í heimanámi á viku.

Á unglingsstigi vildu 28% foreldra að barn þeirra myndi verja 3 tímum á viku í heimanám að meðaltali.




Mynd 25

Hér sést hvernig foreldrar meta námsgetu barnsins síns.

Á yngstastigi meta 72,3% foreldra námsgetu barn síns ágæta eða góða en 12,8% meta námsetuna vera undir meðallagi.

Þegar miðstigið er skoðað sést að 71% meta námsgetu barn síns vera ágæta eða góða en á unglingsstigi meta 60% foreldra námsgetuna ágæta eða góða.



Hér var spurt hvaða mat foreldri legði á hegðun barnsins í skólanum.

Þegar yngstastig og miðstig er skoðað, þá sést að um 83% foreldra meta það að hegðun barns þeirra sé ágæt eða góð. Á unglíngastigi sést að 80% foreldra meta hegðun barns síns ágæta eða góða.

Ekkert foreldri metur hegðun barns síns slæma og um 4% foreldra sem eiga barn í skólanum meta hegðunina sem slaka.

2. Umræður um niðurstöður

Hér mun ég fjalla um helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Viðhorf foreldra til skólans, samskipti á milli foreldra og umsjónarkennara, heimanám og tillögur foreldra.

2.1. Heimsókn foreldra í skólann

Eins og fram kom í niðurstöðunum, þá er það ekki algengt að foreldrum sé boðið í heimsókn í skólann og nálægt 80% þeirra hefur aldrei verið boðið í heimsókn í skólann. Þeir sem hafa komið í heimsókn líkar heimsóknin vel og það sést best á því

að allir sem höfðu komið í heimsókn svörðu því til að þeim líkaði heimsóknin mjög vel eða vel.

Þegar við skoðum betur samstarfið á milli heimilis og skóla þá sést að 14,9% foreldrar sem eiga börn á yngstastigi finnst foreldrasamstarfið vera slakt eða mjög slakt og þetta er sá hópur sem sjaldnast hefur verið boðið í heimsókn í skólann.

Það má því draga þá ályktun að ef umsjónarkennari myndi bjóða fleiri foreldrum í heimsókn í skólann, þá myndi samstarfið við skólann væntanlega batna og foreldrar væru þá ánægðari með samstarfið á milli heimila og skóla.

2.2. Samskipti umsjónakennara við heimilin

Þegar við skoðum samskiptamáta umsjónarkennara við foreldra, þá sjáum við að tölvupóstur er algengasti samskiptamátinn. Það er hvorki algengt að umsjónarkennari biðji forelda um að koma í samtal eftir kennslu, né að hann tali við foreldra í síma fyrir utan viðtalstíma. Það er einna helst á unglingastigi og á yngstastigi að foreldrar koma eftir kennslu og ræða við umsjónarkennara. Þegar tölvupóstsamskipti eru skoðuð nánar þá sést að þau eru minnst notuð af kennurum á unglingastigi en mest notuð af kennurum á miðstigi. Kennarar á yngstastigi nota einnig tölvupóst lítið sem samskiptamáta.

Skoðum nú nánar spurningu númer 12, 13 og 14. Þær eiga það sameiginlegt að vera allar settar fram sem fullyrðingar sem foreldrar áttu að segja til um hversu sammála eða ósammála þeir væru.

Fullyrðing númer 12 hljóðar svona: Umsjónarkennari hefur samband heim ef eitthvað er að námi hjá barninu þínu og fullyrðing númer 13 hljóðar svona: Umsjónarkennari hefur samband ef hegðun barnsins í skólanum er ábótavant og fullyrðing nr. 14 er svona: Umsjónarkennari hefur samband og lætur vita ef barninu gengur vel í námi.

Byrjum á því að skoða miðstigið. Þá sést að 80,7% foreldra var mjög sammála eða sammála fullyrðingunni um að umsjónarkennari hefði samband heim þegar eitthvað er að í náminu en 6,5% var ekki viss.

Þegar skoðuð er fullyrðingin um það að umsjónarkennari hefði samband ef hegðun barnsins í skólanum væri ábótavant, þá sést að 74,2% er mjög sammála eða sammála en 19,4% er ekki viss.

Þegar við skoðum svo fullyrðinguna um það að umsjónarkennari hefði samband og léti vita ef barninu gengi vel, þá sjáum við að 51,6% foreldra er mjög sammála eða sammála fullyrðingunni en 29% er ekki viss.

Þegar við skoðum svo nánar spurningu um það hvenær foreldrar vildu helst fá að heyra frá umsjónarkennara, þá svörðuð 19,4% foreldra barna á miðstigi að þeir vildu fá að heyra frá umsjónarkennara ef hegðun væri ábótavant og 16,1% sagðist vilja heyra frá umsjónarkennara ef námið gengi illa.

Miðað við þessar tölur þá má draga þá ályktun að umsjónarkennarar á miðstigi hafi samband heim ef námið gengur illa eða ef hegðun er ábótavant og að foreldrar kunni að meta það.

Á unglingsstigi sést að 60% foreldra sem eiga börn á unglingsstigi er mjög sammála eða sammála fullyrðingunni um að umsjónarkennari hefði samband heim ef eitthvað væri að náminu hjá barninu og um 60% foreldrar eru einnig mjög sammála eða sammála því að umsjónarkennari hefði samband ef eitthvað væri að eða ef hegðun barnsins væri ábótavant.

Ef skoðuð er fullyrðingin um að umsjónarkennari hefði samband og léti vita ef barninu gangi vel í námi, sést að 56% foreldra barna á unglingsstigi er mjög sammála eða sammála þeirri fullyrðingu en 20% eru ekki viss og á það einnig við um hinar tvær fullyrðingarnar.

Um 24% foreldra barna á unglingsstigi vilja að umsjónarkennari hafi samband ef barn hefur sýnt góða hegðun eða sýnt framfarir í hegðun og að 20% foreldra vilja að

umsjónarkennari hafi samband ef hegðun hefur verið ábótavant. Það má því draga þá ályktun að umsjónarkennarar á unglingastigi séu á réttri braut í sambandi við samstarf á milli heimila og skóla, vegna þess að foreldrar barna á unglingastigi vilja fá að heyra frá umsjónarkennara þegar barn þeirra hefur sýnt góða hegðun og vilja einnig fá að heyra frá umsjónarkennara ef hegðun er ábótavant því. Það sést því á þessum tölum að meirihluti foreldra barna á unglingastigi er ánægður með samstarfið.

Þá er komið að því að skoða yngstastig og sjá hvað foreldrum sem eiga börn á því stigi finnst um fullyrðingarnar í spurningum 12, 13 og 14.

Ef skoðuð er fullyrðingin um það að umsjónarkennari hefði samband ef eitthvað væri að í náminu sést að 55,3% foreldra var mjög sammála eða sammála fullyrðingunni en 23,4% er ekki viss. Ef skoðuð er fullyrðingin um það að umsjónarkennari hefði samband ef hegðun barns væri ábótavant, þá sést að 61,7% foreldra er mjög sammála eða sammála þeirri fullyrðingu og þar hefur þeim fækkað sem eru ekki vissir niður í 19,1%. Þegar fullyrðingin er skoðuð nánar um að umsjónarkennari hafi samband þegar vel gengur í námi, þá eru ekki nema 25,6% sammála þessari fullyrðingu og það er mjög lág tala ef borið er saman við unglingastig og miðstig. Aftur á móti eru 27,7% ekki vissir og 49,6% eru ósammála eða mjög ósammála þessari fullyrðingu. Þetta eru tölur sem vert er að skoða nánar með öðrum spurningalista eða með rýnihóp.

Þegar foreldrar voru spurðir um það hvenær þeir vildu fá að heyra frá umsjónarkennara sögðu 12,8% að þeir vildu fá að heyra frá umsjónarkennara þegar námið gengi illa og 10,6% vildu heyra í umsjónarkennara þegar hegðun væri ábótavant. Því má draga þá ályktun að umsjónarkennarar á yngstastigi hafi einfaldlega ekki nægt samband við foreldra barna á þessu stigi.

Vert er að skoða nánar spurningu nr. 26 en þar var spurt hvort að foreldri fyndist að umsjónarkennari ætti að hafa meira samband. Meirihluti foreldrar sem eiga barn á yngstastigi eða unglingastigi finnst að umsjónarkennari eigi að hafa meira samband en 52% þeirra sem eiga barn á miðstigi virðast eiga í meira samskiptum við umsjónarkennara og því þykir þeim samskiptin vera nægileg.

Þegar spurt var um það hversu oft umsjónarkennari hafi haft samband á þessu skólaári fyrir utan foreldraviðtöl svöruðu 25,6% foreldrar barna á yngstastigi að þeir hafi heyrt frá umsjónarkennara þrisvar sinnum eða oftar yfir núverandi skólaár.

Þegar miðstigið er skoðað sést að 58,1% foreldra hefur heyrt frá umsjónarkennara þrisvar sinnum eða oftar yfir núverandi skólaár og 28% foreldra barna á unglíngastigi hefur heyrt í umsjónarkennara þrisvar sinnum eða oftar yfir núverandi skólaár.

Það sem er einna athyglisverðast er það að 48,9% foreldra barna á yngstastigi hefur aldrei heyrt frá umsjónarkennara á núverandi skólaári fyrir utan foreldraviðtöl. Ef þetta er borið saman við miðstigi og unglíngastigi sést að þetta er afgerandi hátt hlutfall sem verður að skoða nánar, því samstarfið verður að vera gott á milli heimila og skóla.

Spurt var hvernig foreldrum fyndist samstarf við umsjónarkennara. Þá kom í ljós að 87,1% foreldra sem eiga börn á miðstigi finnst samstarfið mjög gott eða gott og 84% foreldra sem eiga börn á unglíngastigi eru sama sinnis.

Þegar yngstastigið er skoðað þá sést að 76,6% foreldra finnst samstarfið líka vera mjög gott eða gott en 10,7% finnst það vera slakt eða mjög slakt, á meðan 4% foreldra sem eiga börn á unglíngastigi meta samstarfið vera mjög slakt en enginn á miðstigi metur samstarfið slakt eða mjög slakt.

Miðstigið er að koma best út úr þessari rannsókn í sambandi við samstarf á milli heimila og skóla. Foreldrar sem eiga börn á miðstigi eru ánægðari með samskiptin heldur en foreldrar sem eiga börn á öðrum stigum.

Það er ljóst að umsjónarkennarar á miðstigi hafa oftar samband heldur en kennarar á öðrum stigum. Eins og tölur sýna þá eru umsjónarkennarar á miðstigi í meiri tölvupóstssamskiptum við heimilin og það má því draga þá ályktun að með auknum tölvupóstssamskiptum þá verði foreldrar ánægari með samvinnu á milli heimila og skóla.

2.3. Heimanám

Hér mun ég skoða betur spurningar í sambandi við heimanám. Foreldrar voru spurðir hvað mörgum klukkutímum á viku börn þeirra verðu í heimanám að meðaltali. Einnig voru foreldrar spurðir að því hve mörgum klukkutímum þeim þætti æskilegt að barn þeirra myndi verja í heimanám á viku. Foreldrar voru líka spurðir hversu mikið álag þeir teldu vera á barninu í sambandi við heimanám. Það sem ég mun skoða sérstaklega er hvort nemendur á yngstastigi og á miðstigi verji mun meiri tíma í heimanám heldur en nemendur á unglíngastigi.

Ef við byrjum á að skoða yngstastigið, þá sést að nemendur verja allt frá 1 tíma og upp í 10 tíma í heimanám á viku, fyrir utan einn sem sagði að barnið verði 14 tímum í heimanám á viku. Þetta er svolítið breytt bil en algengast er að barn á yngstastigi verji 2 til 6 tímum í heimanám á viku en 91,5% foreldra barna á yngstastigi aðstoða þau alltaf eða oft við heimanám.

57,4% foreldrar barna á yngstastigi telja heimanám vera hæfilegt en 27,6% telja það vera of mikið eða mikið. Þegar skoðað er nánar hve mörgum tímum foreldrar vilja að barn sitt verji í heimanám á viku, þá eru algengast að foreldrar svari því til að það séu tveir til þrjú tímar eða tæp 60%. Það er því smá ósamræmi í þessu, því að foreldrarnir segja að heimanám sé hæfilegt en samt vilja þeir að börn sín verji minni tíma í heimanám heldur en þau gera.

Eins og fram hefur komið þá verja börn á miðstigi allt frá 2 og upp í 10 tíma á viku í heimanám að meðaltali en 25,8% foreldra segja að barn þeirra verji 3 tímum í heimanám á viku og 19,5% segja að barn sitt verji 5 tímum á viku í heimanám. Um 80% foreldra segjast alltaf eða oft aðstoða barn sitt við heimanám.

Þegar spurt var um það hvort þeir telji álag vegna heimanám vera mikið, lítið eða hæfilegt, sagði 51,6% foreldra álagið of mikið eða mikið en 45,2% töldu álagið vera hæfilegt. Þegar foreldrar voru spurðir að því hvað þeir vildu að barnið verði mörgum tímum í heimanám á viku var algengast að foreldrar segðu að 5 tímar á viku væri hæfilegt eða 35,5%.

Þegar unglingastigið er skoðað þá sést að börn á því stigi verja allt frá engum og upp í 6 tíma í heimanám á viku fyrir utan 8% sem verja 9 tímum í heimanám á viku. Um 24% foreldra sem eiga barn á unglingastigi segja að það verji einum tíma á viku í heimanám og 16% foreldra segja að barn þeir verji tveimur tímum, 20% segja að barn þeirra verji þremur tímum og svo segja 16% að barn þeirra verji 4 tímum á viku í heimanám.

Þegar foreldrar voru spurðir að því hve oft þeir aðstoðuðu við heimanám þá sögðu 28% foreldrar aðstoða oft eða mjög oft við heimanám og 44% foreldra sögðu stundum aðstoða barn sitt við heimanám.

Þegar foreldra voru spurðir að því hvernig þeir teldu álagið á barnið vera vegna heimanáms þá sögðu 28% að heimanámið væri hæfilegt og 40% að heimanámið væri lítið eða of lítið. Þegar foreldrar voru svo spurðir hvað þeir vildu að barn þeirra myndi verja mörgum tímum í heimanám á viku svöruðu 16% 2 tímum, 28% 3 tímum, 24% 4 tímum og 16% 5 tímum. Það má því draga þá ályktun að foreldrar sem eiga barn á unglingastigi vilji að barn þeirra verji meiri tíma í heimanám heldur en það geri núna.

Þegar foreldrar voru spurðir að því hvernig þeir sjá fyrir sé gott foreldrasamstarf, þá var algengt að þeir nefndu að þeir vildu meiri tíma þegar kæmi að foreldraviðtölum. Einnig bentu nokkrir á það að þeim fyndist óþægilegt að hafa börn með í viðtalstímum og bentu þeir á að stundum þyrfti að ræða mál sem börn mættu ekki að heyra.

Flestir hrósuðu samstarfinu eins og það er en sumir bættu því jafnframt við að kennarar og skólastjórnendur mættu hafa meira samband og þá sérstaklega ef eitthvað kæmi upp á. Foreldrar á yngstastigi bentu sérstaklega á það að ef barn þeirra slasaði sig eða lenti í slagsmálum í skólanum, þá væru þeir ekki látnir vita og það fannst þeim alvarlegt og örfáir bentu á að ef barn þeirra færi til skólastjóra þá ætti að láta þá vita hvort sem ástæður væru alvarlegar eða ekki.

Þetta er eitthvað sem skólastjórnendur og umsjónarkennarar ættu að athuga betur og þá sérstaklega í sambandi við yngstastigið því að þar eru foreldrar sem eru óánægðastir með samstarfið.

3. Tillögur og lokaorð

Eins og sjá má af umfjöllun hérna á undan er ýmislegt vel gert í starfi skólans en jafnframt er margt sem má bæta. Á sumum stigum tekst vel til með ákveðin atriði í samstarfi við heimilin og þá geta önnur stig fylgt þeirra fordæmi og þannig geta allir unnið saman og bætt samstarf á milli heimila og skóla. Rétt er að benda á að þetta eru einungis tillögur sem má svo útfæra á marga mismunandi vegu.

3.1. Samkennsla

Það hefur sýnt sig að foreldrar sem eiga barn á miðstigi eru ánægðari með samstarfið á milli heimila og skóla heldur en foreldrar sem eiga barn yngstastigi og unglingastigi. Það má draga þá ályktun að góð tölvupóstssamskipti séu það sem foreldrar eru ánægðir með.

Á miðstigi er samkennsla mest og væri fróðlegt að skoða hvort að hún ýti undir ánægju foreldra. Með samkennslunni verða hóparnir oft minni og meðfæralegrir og kennarinn fær oft meiri tíma til þess að sinna einstökum nemendum. Ég tel að með samkennslu eigi kennarar oft betra með að sníða námið að hverjum og einum.

Umsjónarkennarar á miðstigi nota einnig tölvupóstssamskipti oftar en umsjónarkennarar á öðrum stigum og tel ég að það sé samskiptamáti sem foreldrar eru ánægðir með, því meirihluti foreldra sem eiga barn á miðstigi finnst umsjónakennari hafa nægt samband við sig og er það jákvætt.

3.2. Samskiptaleiðir

Eins og áður kom fram er tölvupóstur ein að þeim samskiptaleiðum sem foreldrar eru ánægðir með. En það þýðir þó ekki að foreldrar vilji ekki heyra í kennurum í síma.

Nokkrir foreldrar sögðu í athugasemdum að þeir vildu fá að heyra í kennurum í síma og þá sérstaklega ef einhver stærri vandamál kæmu upp. Einnig komu ábendingar um það að kennarar og skólastjórnendur ættu ekki að hika við að hringja þegar vandamál kæmu upp og að þeim þætti ekki nógu algengt að þeim væri tilkynnt um þá hluti sem gerðust og kæmu barni þeirra við. Þetta er eitthvað sem verður að skoða enn frekar.

Foreldrar eiga aldrei að hafa það á tilfinningunni að það sé verið að halda einhverju leyndu fyrir þeim eða þeim sé ekki sagt strax frá. Foreldrar vilja að barn sitt hagi sér vel í skólanum og gangi vel námslega og til þess að samstarfið verði gott þá þurfa allir að vera vel upplýstir.

3.3 Heimanám.

Það er nokkuð ljóst að skoða verður heimanám vel því að mikið misræmi er á milli tíma sem börn verja í heimanám.

Börn á yngstastigi verja sum hver mjög miklum tíma í heimanám og gæti það skapað ósætti á milli foreldra og umsjónarkennara. Foreldrar á þessu stigi aðstoða mjög mikið börn sín við heimanám og oft eru þessi börn ekki komin heim úr skóla/gæslu/íþróttum fyrr en kl. 17 á daginn og þá hefst heimavinnan.

Þar sem foreldrar hjálpa oft börnum sínum við heimavinnuna, þá getur myndast mikil streita á heimilinu og með aukinni streitu þá getur komið slæmt umtal um kennarann og skólann. Margir foreldrar barna á yngstastigi telja heimanám vera of mikið og er það eitthvað sem þarf að skoða nánar með könnun sem snýr meira að heimanámi..

Börn á unglingastigi verja hlutfallegast minnsta tímanum í heimanám og er það eitthvað sem vert er að skoða nánar. Um 40% foreldra sem eiga barn á unglingastigi finnst vera lítið álag á þeim þegar horft er á heimanám. Staldrá þyrfti við þá niðurstöðu og skoða nánar. Eru börnin að vinna heimanámið í skólanum eða eru þau ekki að gera það sem til af þeim er ætlast?

3.3. Foreldraviðtöl

Ýmsar ábendingar komu frá foreldrum um foreldraviðtöl þegar þeir voru spurðir hvernig þeir sæju fyrir sér gott foreldrasamstarf. Flestar ábendingarnar voru á þá leið að þeir vildu lengri tíma til þess að ræða við umsjónarkennara.

Nú fá foreldrar 15 mínútur í foreldraviðtöl en það komu nokkrar hugmyndir að lengja þau í 30 mínútur. Þá gætu þá þeir sem telja sig þurfa þess notað allan tímann en aðrir styttri tíma.

Einnig nefndu sumir að þeir vildu líka fá að ræða við aðra kennara sem eru að kenna börnum þeirra og þá sérstaklega nefnt að þeir vildu fá að ræða við íþróttakennara.

Um 19% foreldra sem eiga barn í skólanum töluðu líka um að börn ættu ekki að vera með í foreldraviðtölunum eða ættu að vera með fyrstu mínúturnar og svo að fara fram, því að það væru oft mál sem foreldra þyrftu að ræða en þeir ættu erfitt með að ræða fyrir framan barn sitt.

Þess vegna mæli ég með því að skólinn endurskoði afstöðu sína til foreldraviðtala og auki tímann sem foreldrum er gefinn. Þá er gæti skólinn tekið upp þá reglu að börn séu með foreldrum sínum fyrstu 10 mínúturnar og færu þá fram og foreldrar gætu rætt það sem þeim býr í brjósti.

3.4. Það sem betur hefði mátt fara

Við úrlestur úr könnuninni þá sé ég að ég hefði átt bjóða foreldrum upp á valkostinn *báðir foreldrar svara*.

Einnig hefði ég átt að spyrja betur um það hvernig umsjónarkennari hefur samband, því að mér sýnist að sumir kennarar sendi frekar töskupóst heim en ég bauð aldrei upp á þann möguleika.

Lokaorð

Eins og fram hefur komið er samstarf á milli heimila og skóla stór þáttur í skólastarfinu og er mikilvægt að hver skóli marki sína eigin stefnu um foreldrasamstarf og felli hana að starfsáætlun skólans.

Margar ábendingar hafa komið fram um það hverju megi breyta til þess að samstarfið gangi betur fyrir sig og er það eitthvað sem skólinn ætti að skoða betur.

Foreldrar vilja gott samstarf við skólann en helsta ágreiningsmálið er það að þeir eru ekki nógu sáttir við heimanám barnanna og finnst að þeir séu oft ekki inn í því sem gerist í skólanum. Þeir vilja í raun og veru meira samstarf.

Það er í grunnskólalögum og reglugerðum að það sé skylda skólanna að eiga gott samstarf við foreldra og veita þeim upplýsingar um það sem viðkemur barni þeirra og skólastarfi.

Gott samstarf á milli heimila og skóla getur verið ein af forsendum fyrir velgengi barns í skólanum. En til þess að svo megi verða, þá þurfa heimilin og skólinn að vera samtaka og horfa á málið frá sama sjónarhorni og með hag barnsins í fyrirrúmi.

Heimildir:

Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti. 1995. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti. 2006. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Atkin, J. og Bastiani, J. 1988. *Listening to parents*. London. Croom Helm.

Áslaug Brynjólfsdóttir. 1998. *Við þekkjum börnin okkar best*. Kennaraháskóli Íslands.
Meistaraprófsverkefni.

Áslaug Brynjólfsdóttir. 2001. *Foreldrahandbókin*. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur,
Reykjavík.

Berger, E.H. 1995. *Parents as Partners in Education. Families and Schools Working Together*. New Jersey, Merrill.

Borg, W.R., J.P. Gall og M.D. Gall. 1996. *Educational Research: An Introduction, Sixth Edition*. New York, Logman.

Epstein, J. L. 1995. School/Family/Community Partnerships, Caring for the Children We Share. *Phi Delta Kappan*, 76,9:701-712.
Vefslóð:<http://proquest.umi.com/pqdweb?Did=000000001761444&Fmt=3&Deliver=1&Mtd=1&Idx=26&Sid=2&RQT=309&L=1> [15. apríl 2009].

Fuller, M.L, Olsen, G. 2008. *Home – School Relations Working Successfully with Parents and Families. Third Edition*. USA, Pearson Education, Inc.

Hamby, J.V. 1992. The School-Family link: A Key to Dropout Prevention. *Education and Family*. Boston, Allyn and Bacon.

Handbók í Aðferðafræði og Rannsóknnum í Heilbrigðisvísindum. 2003. Háskólinn á Akureyrir.

Loftur Guttormsson. 1992, Farskólalagd í sextíu ár (1890-1950). *Uppeldi og menntun*, (1), 207-222.

Lög um grunnskóla nr. 66/1995

Lög um grunnskóla nr. 91/2008

McCaleb, S.P. 1997. *Building Communities og Learners. A Collaboration Among Teachers, Students, Families ans Community*. New Jersey, Lawrence Erlbaum Associates, Publishers.

McMillan, J.H. 2004. *Educational Research: Fundamentals for the Consumer*. Boston, Pearson.

Nanna Kristín Cristensen. 2005. *Faglegt hlutverk kennara í foreldrasamstarfi*, Kennaraháskóli Íslands. Meistaraprófsverkefni.

Fylgiskjal 1

Kæru foreldrar/forráðamenn.

Ég heiti Brynhildur Hrund Jónsdóttir og er nemi á Menntavísindasviði við Háskóla Íslands. Ég er að skrifa lokaritgerð sem fjallar um samstarf heimila og skóla. Mig langar að fá foreldra í lið með mér og svara fyrir mig spurningalista sem fylgir með. Ég óska eftir að sá aðili sem hefur meira samband við umsjónakennara svari listanum. Þeir foreldrar sem eiga fleiri en eitt barn í skólanum eru vinsamlegast beðnir um að svara spurningalista fyrir hvert barn.

Ég er búin að fá leyfi frá Persónuvernd og skólastjórn XXX skóla til þess að fá að leggja þennan spurningalista fyrir. Spurningalistann er ekki hægt að rekja og er hann því með fullri nafnleynd.

Spurningalistinn er hugsaður til þess að sjá hvernig samskiptin eru á milli heimila og skóla og mun ég kynna niðurstöður fyrir skólastjórnendum XXXskóla. Þegar vinnslunni er lokið í apríl mun ég láta eyða öllum gögnum sem ég hef safnað að mér.

Mikilvægt er að allir gefi sér tíma til þess að svara listanum til þess að fá sem bestu niðurstöður. Spurningalistinn er á 7 blaðsíðum og það tekur að meðaltali um 10 mínútur að svara honum.

Þú fékkst spurningalistann afhendan í umslagi og óska ég eftir því að þú skilir honum í sama umslagi og lokir fyrir. Umsjónarkennari mun svo taka við honum þegar þú/þið komið í foreldraviðtal á vitnisburðardeginum þann 24. febrúar. Ef þú kemst ekki í foreldraviðtal þá getur þú sent hann með barninu þínu í skólann og umsjónarkennara mun svo sjá um að koma honum til mín.

Ef einhverjar spurningar vakna þá er hægt að ná í mig í síma 690-0770.

Með fyrirfram þökk,

Brynhildur Hrund Jónsdóttir

Samstarf heimila og skóla.

Spurningar til foreldra/forráðamanna.

Settu X í viðeigandi reiti.

1. Ertu karl eða kona?

Karl

Kona

2. Hver er aldur þinn?

Yngri en 25 ára

25 - 35 ára

36 – 45 ára

46 – 55 ára

56 ára eða eldir

3. Í hvað bekk er barnið þitt? _____

—

Svör við spurningum 4 til 7 geta verið háð því hve lengi barnið þitt hefur stundað nám við Klébergsskóla. Mikilvægt er samt að svara spurningunum.

4. Hefur þú einhvern tíman verið bekkjarfulltrúi eða í stjórn foreldrafélags Klébergsskóla?

Já

Nei

5. Mætir þú í foreldraviðtöl?

Alltaf

Oft

Stundum

Sjaldan

Aldrei

6. Sækir þú samkomur eða viðburði í skólanum, s.s. bekkjarkvöld, árshátíð, sýningar og þess háttar?

- Alltaf
- Oft
- Stundum
- Sjaldan
- Aldrei

7. Ferð þú á fyrirlestra og kynningar sem eru á vegum skólans eða foreldrafélagsins?

- Alltaf
- Oft
- Stundum
- Sjaldan
- Aldrei

—

Eftirfarandi spurningar eiga einungis við skólaárið 2008 – 2009.

8. Með hvaða leiðum fara samskipti þín og umsjónarkennara fram?

a) Í viðtalstímum kennara

- Oft
- Nokkuð oft
- Stundum
- Sjaldan
- Aldrei

b) Með tölvupósti

- Oft
- Nokkuð oft
- Stundum
- Sjaldan
- Aldrei

c) Í síma fyrir utan viðtalstíma kennara

- Oft
- Nokkuð oft
- Stundum
- Sjaldan
- Aldrei

d) Samtöl í skólanum eftir kennslu

- Oft
- Nokkuð oft
- Stundum
- Sjaldan
- Aldrei

9. Átt þú frumkvæði að samskiptum við umsjónarkennarann?

- Oft
- Nokkuð oft
- Stundum
- Sjaldan
- Aldrei

10. Átt þú auðvelt með að hafa frumkvæði að því að ræða við umsjónarkennarann um barnið þitt?

- Já (svaraðu þá næst spurningu 12)
- Nei

11. Af hverju áttu erfitt með að hafa frumkvæði að því að ræða við umsjónarkennarann um barnið þitt?

Í spurningum 12 – 14 merkir þú við hversu sammála eða ósammála þú ert eftirfarandi fullyrðingum.

12. Umsjónarkennarinn hefur samband heim ef eitthvað er að í námi hjá barninu þínu.

- Mjög sammála
- Sammála
- Ég er ekki viss
- Ósammála
- Mjög ósammála

13. Umsjónarkennarinn hefur samband ef hegðun barnsins í skólanum er ábótavant.

- Mjög sammála
- Sammála
- Ég er ekki viss
- Ósammála
- Mjög ósammála

14. Umsjónarkennarinn hefur samband og lætur vita ef barninu gengur vel í námi.

- Mjög sammála
- Sammála
- Ég er ekki viss
- Ósammála
- Mjög ósammála

15. Af hvaða ástæðum myndir þú helst vilja heyra frá umsjónarkennara barnsins þíns? Forgangsraðaðu með tölum, þannig að 6 vegi mest og 1 minnst.

- Þegar námið gengur vel
- Þegar námið gengur illa
- Þegar barnið hefur sýnt framför í námi
- Þegar barnið hefur sýnt góða hegðun eða framför í hegðun
- Þegar hegðun hefur verið ábótavant
- Annað, hvað? _____

16. Hefur þér verið boðið í heimsókn í kennslustund til þess að fylgjast með?

- Já, oftar en einu sinni og ég hef alltaf mætt
- Já, oftar en einu sinni en ég hef ekki alltaf komist
- Já, einu sinni og ég mætti
- Já, en ég hef aldrei komist (svaraðu næst spurningu 18)
- Nei, mér hefur aldrei verið boðið (svaraðu næst spurningu 18)
- Mér var ekki boðið en ég hef komið til þess að fylgjast með

17. Hvernig líkaði þér heimsóknin?

- Mjög vel
- Vel
- Hlutlaus
- Sæmilega
- Ekki vel

18. Hvert er þitt mat á námsgetu barnsins þíns?

- Ágæt
- Góð
- Í meðallagi
- Undir meðallagi
- Slök

19. Hvert er þitt mat á hegðun barnsins þíns í skólanum?

- Ágæt
- Góð
- Í meðallagi
- Slök
- Slæm

20. Hvað ver barnið þitt að meðaltali mörgum **klukkutímum á viku** í heimanám?

21. Aðstoðar þú barnið þitt við heimanám?

- Alltaf
- Oft
- Stundum
- Sjaldan
- Aldrei

22. Hvernig telur þú álagið vera á barnið þitt vegna heimanáms?

- Of mikið
- Mikið
- Hæfilegt
- Lítið
- Of lítið

23. Hvað verð þú að meðaltali mörgum **klukkutímum á viku** við að aðstoða barnið þitt við heimanám?

24. Hvað **vilt þú** að barnið þitt verji mörgum **klukkutímum á viku** að meðaltali í heimanám?

25. Hvernig finnst þér samstarfið við umsjónarkennarann vera?

- Mjög gott
- Gott
- Sæmilegt
- Slakt
- Mjög slakt

26. Finnst þér að umsjónarkennari eigi að hafa meira frumkvæði að samskiptum við foreldra en raun ber vitni?

- Já
- Nei

27. Hversu oft á þessu skólaári hefur umsjónarkennari haft samband við þig fyrir utan foreldraviðtöl?

- 5 sinnum eða oftar
- 3 – 5 sinnum
- 2 sinnum
- 1 sinni
- Aldrei

28. Hvert er þitt mat á samstarfi á milli heimilisins og skólans?

- Mjög gott
- Gott
- Sæmilegt
- Slakt
- Mjög slakt

29. Hvernig sérð þú fyrir þér gott foreldrasamstarf?

30. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Takk fyrir að gefa þér tíma til að svara þessum spurningalista.
Kveðja, Brynhildur.